



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

María Markúsdóttir  
Dalvíkurbyggð

Akureyri, 5. mars 2024  
MÍ202403-0020/ 6.09 / S.G.

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

## Öldugata 31-35, Dalvíkurbyggð umsögn Minjastofnunar um breyting á deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Dalvíkurbyggðar þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi vegna Öldugötu 31, Dalvíkurbyggð, í gegnum Skipulagsgátt. Þar var hægt að nálgast rafræn skipulagsgögn dagsett í 21. nóvember 2023.

Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi felst í sameiningu lóða og breytingum á byggingarreitum.

Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir svæðið sjá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2003. *Fornleifaskráning í Eyjafirði XVIII: Fornleifar frá Skáldalæk í austanverðum Svarfaðardal, á Hámundarstaðahálsi og Árskógsströnd suður að Þorvaldsdal* Fornleifastofnun Íslands FS204-99094 Reykjavík og nýlega var sú skráning endurskoðuð, sjá Hákon Jensson. 2022. *Dalvíkurbyggð. Endurskoðun fornleifaskráningar innan þéttbýliskjarna og framkvæmdasvæða vegna aðalskipulags* Búnaðarsamband Eyjafjarðar Rannsóknarskýrslur 2022/12

Á svæði sem deiliskipulagsbreytingin nær til er skráður meintur vegur/garðlag. Fyrrum minjavörður Norðurlands eystra skoðaði veginn áður en fyrra deiliskipulag var samþykkt, og var niðurstaða þeirrar skoðunar og samtala við heimildarmenn að vegurinn hefði verið ruddur um miðjan 6. áratuginn og væri því ekki friðaður samkvæmt lögum um menningarminjar nr 80/2012.

Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á deiliskipulagi.

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

Virðingarfyllst,

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra